



Umsögn

Efni: Tillaga um endurgreiðsluhlutfall lífeyris 2023
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fyrir liggur tillaga stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar um að endurgreiðsluhlutfall lífeyris verði óbreytt. Á fundi stjórnar lífeyrissjóðsins, þann 28. nóvember sl., var lagt fram bréf tryggingastærðfræðingsins Bjarna Guðmundssonar þar sem lagt var til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðanda á greiddum lífeyri í lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 verði óbreytt frá fyrra ári eða 74%. Hefur stjórnin þegar samþykkt tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísar málinu til afgreiðslu borgarráðs Reykjavíkur í samræmi við ákvæði gr. 22.1 í samþykktum sjóðsins.

Borgarstjórn ákveður endurgreiðsluhlutfall á greiddum lífeyri fyrir eitt ár í senn samkvæmt samþykktum lífeyrissjóðsins. Að því er stefnt að framlög hvers launagreiðanda, iðgjöld að viðbættum endurgreiðslum á lífeyri, standi að jafnaði undir þeim lífeyrisréttindum sem starfsmenn launagreiðanda munu njóta hjá sjóðnum. Bakábyrgð borgarsjóðs verði aðeins virk að því marki sem fjárfestingar sjóðsins hafa ekki skilað eðlilegri ávöxtun, eða ef aðrir launagreiðendur reynast ófærir um að standa við skuldbindingar sínar. Miðað verði við að sjóðurinn skuli til jafnaðar ná 3,5% ávöxtun umfram hækkun verðlags.

Forsendur um lífs- og örorkulíkur eru óbreyttar frá tryggingafræðilegri athugun sjóðsins miðað við lok árs 2021 sem miðað var við fyrir tillögu um hlutfall viðbótarframlags ársins 2022. Er því lagt til að viðbótariðgjald verði óbreytt frá því sem var árið 2020 eða 74% af lífeyri fyrir árið 2023.

Fjármála- og áhættustýringarsvið mælir með samþykkt fyrirleggjandi tillögu.
Erindinu skal vísað til afgreiðslu borgarstjórnar.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.